

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1749*  
*komudagur 24.4.2006*

Allsherjarnefnd Alþingis  
24.4.2006

Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940 (kynferðisbrot);  
712. mál

Frumvarp til laga um breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum nr. 13 17.  
apríl 1984 með síðari breytingum, 667. mál

Frumvarp til laga um breyting á lögum um fullnustu refsídóma, sem kveðnir hafa verið upp í  
Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð o.fl. nr. 69 12. desember 1963, 675. mál.

Fangelsismálastofnun hefur ekki neinar athugasemdir við ofangreind frumvörp.

F. h. forstjóra Fangelsismálastofnunar,  
Hafdís Guðmundsdóttir  
skrifstofustjóri

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/1935**  
**komudagur 28.4.2006**

Nefndasvið Alþingis  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 27. apríl 2006.

**Frumvarp til laga um breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984, með síðari breytingum. 132. löggjafarþing 2005–2006. Þskj. 977—667. mál.**

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 12. apríl s.l., þar sem óskað er um-sagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur ekki tök á því að skila inn umsögn um frumvarpið.

Virðingarfyllt,  
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

---

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,  
formaður

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1836  
komudagur 26.4.2006



Persónuvernd

Alþingi  
Allsherjarnefnd  
150 REYKJAVÍK

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 24. apríl 2006  
Tilvísun: 2006040230 PS/-

**Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum**

Persónuvernd vísar til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 12. apríl 2006, þar sem óskað er umsagnar Persónuverndar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 13/1984 um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum (667. mál á 132. löggjafarþingi). Í frumvarpinu er lagt til að á eftir 1. mgr. 22. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

„Nú er beiðni um aðstoð lögð fram á grundvelli samnings Evrópusambandsins um gagnkvæma réttaraðstoð í sakamálum frá 29. maí 2000 og bókunar við hann 16. október 2001 og skal þá fylgja þeirri málsmeðferð sem það ríki sem leggur fram beiðni tilgreinir sérstaklega að því tilskildu að brjótí ekki í bága við íslensk lög. Verða skal við beiðnum um skýrslutöku vitna eða sérfræðinga í síma eða á myndfundi eftir því sem unnt er. Yfirheyrsla í síma skal einungis leyfð ef viðkomandi vitni eða sérfræðingur samþykkir.“

Eins og tekið er fram í athugasemdum frumvarpsins við þetta ákvæði hefur það að geyma sömu efnisreglu og 1. mgr. 4. gr. samningsins, en það ákvæði hljóðar svo:

„Þegar gagnkvæm réttaraðstoð er veitt skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, uppfylla þau formlegu skilyrði og fylgja þeirri málsmeðferð sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, tilgreinir sérstaklega, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi og að því tilskildu að formlegu skilyrðin og málsmeðferðin brjótí ekki í bága við grundvallarlagareglur í aðildarríkinu sem beiðni er beint til.“

Af framangreindu er ljóst að á Íslandi hvílir sú þjóðréttarlega skylda að lögtaka þá reglu sem hér um ræðir. Beiting reglunnar hefur í för með sér vinnslu persónuupplýsinga um þá einstaklinga sem þau mál varða sem gagnkvæm réttaraðstoð er sprottin af. Í ljósi þess að reglan er lögfest með þeim hætti að ekki á að hljótask af meiri vinnsla persónuupplýsinga, heldur en umrætt ákvæði samningsins gerir ráð fyrir, gerir Persónuvernd ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Hins vegar skal tekið fram að sérstaka áherslu ber að leggja á þann þátt reglunnar að sú

354 510 96 06

málsmeðferð, sem heitt er við veitingu gagnkvæmrar réttaraðstoðar, brjóti ekki gegn íslenskum lögum. Eins og fjallað er ítarlega um í athugasemdum við frumvarpið getur beiðni um slíka aðstoð samkvæmt umræddum samningi lotið að símhlerun, sbr. III. bálk samningsins, þ.e. 17.-22. gr. Er ljóst að við afgreiðslu um aðstoð í slíkum tilvikum yrði ávallt að fara að þeirri grundvallarreglu íslenskra laga að lögregla afli sér dómúrskurðar til hlerunar, sbr. c-lið 86. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 1. og 2. mgr. 87. gr. sömu laga.

Einnig bendir Persónuvernd á 23. gr. samningsins um vernd persónuupplýsinga, m.a. 3. mgr. þeirrar greinar um að við sérstakar aðstæður í einstöku máli geti aðildarríki, sem veitir persónuupplýsingar, krafist þess að aðildarríkið, sem fékk persónuupplýsingarnar, veiti upplýsingar um notkun þeirra. Í 23. gr. samningsins felst réttarvernd sem Persónuvernd álitur mikilvægt að íslenska ríkið færi sér í nyt eins og kostur er.

Virðingarfyllt  
f.h. forstjóra Persónuverndar

Þórður Sveinsson  
lögfræðingur



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1888*  
*komudagur 27.4.2006*

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN  
THE NATIONAL COMMISSIONER OF  
THE ICELANDIC POLICE

Reykjavík 24. apríl 2006  
Tilvísun: 2006040088  
50.03


Alþingi  
Nefndasvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn um frumvarp til laga um framsal sakamanna, 667. mál, málsmeðferðarreglur**

Vísað er bréfs allsherjarnefndar frá 12. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreint frumvarp.

Engar athugasemdir eru gerðar við efni frumvarpsins.

F.h. RLS

  
Steinar Adolffsson, lögl. fulltr.

Sýslumannafélag Íslands.

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/1955**  
**komudagur 2.5.2006**


Akranes 2. 5. 2006.

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 12. apríl sl. fór allsherjarnefnd Alþingis fram á umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum nr. 13/1984 með síðari breytingum, mál nr. 667, málsmeðferðarreglur.

Stjórn félagsins hefur fjallaði um frumvarpið. Niðurstaðan varð sú að Sýslumannafélagi Íslands gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp til laga.

F. h. Sýslumannafélags Íslands,



Ólafur Þ. Hauksson.